

Greinargerð:

Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins er sjálfbærni hverfa. Nauðsynlegir innviðir sjálfbærra hverfa er að þar séu til staðar öll nauðsynleg þjónusta en leikskólar og grunnskólar spila þar stórt hlutverk.

Til að koma til móts við þessi meginmarkmið aðalskipulagsins er nauðsynlegt að fjölga íbúum hverfisins þannig að þeir innviðir sem til staðar eru nýtist betur og hægt verði að tryggja stöðugleika í skólahaldi í hverfinu til framtíðar. Nauðsynlegt er að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi Staðahverfis sem allra fyrst með það meginmarkmið í huga að heimila uppbyggingu íbúða í fjölbýli sem væru tilvaldar fyrir fyrstu kaupendur og barnafólk. Til samanburðar var Úlfarsárdalur stækkaður til að tryggja sjálfbærni og nauðsynlegan nemendafjölda í skólanum. Það var gert eftir ítrekaðra athugasemda fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og skipulagsráði um að hverfið væri of lítið í fyrstu drögum að aðalskipulagi. Staðahverfi var því miður ekki tekið með í þeirri yfirferð en sömu sjónarmið eiga við þar.